

Mál nr. 195/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.

Nafn vátryggingartaka (X)

Slyshugtök vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. ágúst 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 4. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 12. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þann 15. febrúar 2022, er hann var að störfum fyrir X. Atvik voru með þeim hætti að M var að lyfta upp verkfæratösku sem var þung, u.þ.b. 10-15 kg., er hann heyrði hljóð sem mætti líkja við að brjósk sé að brotna. Í ódags. tilkynningu X til V, kemur fram að M hafi verið að teygja sig í verkfærakistu undir vinnuborði og fundið hvernig eitthvað slitnaði í innanverðum olnboga og upp í tvíhöfða. Með bréfi dags. 31. maí 2022 hafnaði V bótaskyldu úr slysátryggingu launþega á grundvelli þess að umrætt atvik félli ekki innan slyshugtaks skilmála vátryggingarinnar, þ.e. ekki hefði verið um utanaðkomandi atburð að ræða. M vísar til 5. gr. laga um slysátryggingar almannatrygginga nr. 45/2015 og telur að atburðurinn hafi gerst á vinnutíma, alveg óvænt, án hans vilja og að Sjúkratryggingar Íslands hafi þegar samþykkt bótaskyldu.

V vísar til þess að það sé skilyrði bótaskyldu úr slysátryggingu launþega að skilyrði slyshugtaksins séu uppfyllt. Í tilviki M er ekki uppfyllt að tjónið verði vegna utanaðkomandi atburðar, heldur varð það þegar sin í handlegg gaf sig við að lyfta verkfæratösku. Vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 194/2019.

Álit.

Í 8. gr. vátryggingarskilmála slysátryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða „skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans“. Slyshugtakið er því ekki skilgreint með sama hætti og gert er í lögum nr. 45/2015 um slysátryggingar almannatrygginga en í 1. mgr. 5. gr. laganna er hugtakið slys skilgreint svo: „Með slysi er átt við skyndilegan óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama hins tryggða og gerist án vilja hans.“ Hugtakið slys í almannatryggingarétti var ávallt samhljóða slyshugtaki vátryggingaréttar en með lögum nr. 108/2021 sem tóku gildi 24. júní 2021 var slyshugtaki almannatrygginga breytt á þann hátt að orðinu „utanaðkomandi“ var skipt út fyrir orðið „óvæntan“. Þannig gera slysátryggingar almannatrygginga ekki lengur kröfu um að atburðurinn hafi verið utanaðkomandi líkt og gert er í vátryggingarétti. Lög nr. 45/2015 gera eingöngu þá kröfu að atburðurinn sé skyndilegur og óvæntur. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 108/2021 að þessi breyting sé lögð til með það í huga að ná til slysa sem rekja má til skyndilegra áverka vegna ofreynslu á líkama eða slæmrar vinnuáðstöðu t.d. þegar þungri byrði er lyft eða ýtt líkt og slys það sem hér er til umfjöllunar. Samskonar breytingar hafa ekki verið gerðar á slyshugtakinu í skilmálum V enda ná lög nr. 45/2015 ekki yfir slysátryggingar vátryggingafélaga. Vegna þessa geta komið upp atvik eins og það sem hér um ræðir þar sem líkamstjón telst vera slys á grundvelli laga um almannatryggingar en ekki á grundvelli skilmála vátryggingafélags. Með vísan til alls þessa verður ekki ráðið af lýsingum M eða öðrum fyrirbyggjandi gögnum að utanaðkomandi atburður hafi valdið líkamstjóni M. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að um hafi verið að ræða slys í skilningi skilmálaákvæðisins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir